

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Ásborga í landi Ásgarðs, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Ásborga í landi Ásgarðs, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Breytingin felst í því að fjarlægð byggingarreits frá lóðarmörkum verður 7,5 m í stað 10 m og fjarlægð frá útjaðri hverfis að byggingarreit verður 30 m. Bindandi línur sem snúa að götu í ytri hring falla út.

Breyting deiliskipulagsins tekur þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 26. ágúst 2004.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.